

Hollvinasamtök Bifrastar
Framhaldsaðalfundur 20.apríl 2026
Borgartún 18, kl. 17:00

Mættir:

Stjórn: Anna Ólöf Kristjánsdóttir aðalfulltrú í stjórn HSB og Hallur Jónasson varamaður í stjórn HSB.

Fundarstjóri: Egill Heiðar Gíslason

Aðrir fundarmenn: Bergþór Guðmundsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, rektor háskólans á Bifröst; Jóna Dóra Ásgeirsdóttir, Jónas Guðmundsson, Jón Freyr Jóhannsson, Egill Heiðar Gíslason, Haukur Logi Karlsson

Framhaldsaðalfundur Hollvinasamtaka Bifrastar

Haldinn 20. apríl 2026 kl. 17:00 í Borgartúni 18.

Fundurinn er framhald aðalfundar sem hófst 15. apríl 2026 og var frestað.

Egill Heiðar Gíslason, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. kl. 17:15

Egill gegndi áfram starfi fundarstjóra og Lísu Gunnardóttir starfi fundarritara.

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim málum sem höfðu verið óafgreidd á fyrri fundi.

1. Inntaka nýrra félaga

Lagt var til að Jónas Guðmundsson og Haukur Logi Karlsson yrðu teknir inn sem fullgildir félagar í Hollvinasamtökunum.

Engin andmæli komu fram og teljast þeir því samþykktir sem fullgildir félagar.

8. Kosning fulltrúa í stjórn Háskólans á Bifröst

Fundarstjóri fór yfir stöðu málsins frá fyrri fundi.

Rektor gerði grein fyrir niðurstöðu álits lögfræðings um túlkun á kjörtímabili og stöðu sitjandi fulltrúa. Samkvæmt álitinu er ekki unnt að kjósa nýjan fulltrúa í stjórn Háskólans á Bifröst þar sem sitjandi fulltrúi hafði verið kjörinn til tveggja ára, enda væri fyrri ákvörðun fundar gild nema annað kæmi fram um lögmæti hans. Það hefði verið rétt mat fundarstjóra að fresta fyrri fundi til að fá úr þessu skorið.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga:

Tillaga:

Árni Magnússon taki sæti varamanns í stjórn Háskólans á Bifröst í stað Halls Jónassonar sem hefur óskað eftir að stíga til hliðar.

Fundarstjóri upplýsti að Ársæll Harðarson núverandi fulltrúi samtakanna í stjórn HB hyggist stíga til hliðar að loknum næsta aðalfundi og mun þá varamaður taka hans sæti.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt af öllum viðstöddum.

Liður 8 telst afgreiddur.

9. Önnur mál.

Formaður Hollvinasjóðs, Bergþór Guðmundsson, gerði grein fyrir stöðu sjóðsins og framtíð hans. Rætt var um þá hugmynd að leggja sjóðinn niður og að fjármunir í eigu sjóðsins myndu renna til sérstakra verkefna. Fram kom sú hugmynd að staða sjóðsins yrði endurskoðuð og það felld inn í tillög um heildarendurskoðun á lögum HSB.

Fundarstjóri kynnti tillögu um heildarendurskoðun á lögum HSB með á orðnum breytingum. Formaður hafði á fyrri fundi kynnt tillögu að lagabreytingu.

Tillaga:

Stjórn Hollvinasamtaka Bifröstar er falið að standa fyrir heildarendurskoðun á lögum samtakanna og leggja niðurstöður þeirrar vinnu fyrir aðalfund 2027.

Markmið endurskoðunarinnar er að bregðast við þeim breytingum sem orðið hafa á starfsemi Háskólans á Bifröst og tryggja að starfsemi samtakanna styðji sem best við skólastarfið og tengsl við útskrifaða nemendur.

Starfsemi Hollvinasjóðs verði tekin til endurskoðunar samhliða.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17:53

Björn Harðarson Guðarson
hlsg.